

Minjastofnun Íslands  
Suðurgötu 39  
101 Reykjavík



Reykjavík 4. nóvember 2015  
UST201511-030/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að nýrri staðsetningu bílastæðis, brúar yfir Rauðá og göngustígs við Stöng í Þjórsárdal

Vísað er til erindis Minjastofnunar er barst 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áætlaðar eftirtaldar framkvæmdir við Stöng í Þjórsárdal.: Nýtt bílastæði á nýjum stað við Rauðá, göngustígur að brú yfir Rauðá, ný göngubrú yfir Rauðá og göngustígur að Stöng.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið er að deiliskipulagningu viðkomandi svæðis. Samkvæmt Minjastofnun er áætlað að framkvæma ofangreindar framkvæmdir á árinu 2015, svo ekki er svigrúm til að bíða deiliskipulags.

### Náttúruminjar

Ofangreint svæði við Stöng í Þjórsárdal er innan svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: *Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauðá mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.* Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

### Bílastæði


Í samtali við Minjastofnun hefur komið fram að áætlaðar framkvæmdir að Stöng eru hannaðar með aðgengi fyrir alla í huga. Reisa þarf nýja göngubrú austar en eldri brú. Einnig eru áætlaðar nýjir göngustígar að Stöng. Ný bílastæði eru áætluð nálægt nýrri brú. Á uppdrætti kemur ekki fram hver vegalengd er frá bílastæði að Rauðá, en Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.14. *skipulag við vötn, ár og sjó kemur eftirfarandi fram: Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir*

fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m. Að mati stofnunarinnar þarf að skoða hvort fjarlægð áætlaðra bílastæða frá Rauða samræmist gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð.

### Endurheimt upprunalegrar ásýndar raskaðra svæða

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að svæði sem nýtt hefur verið sem bílastæði og ekki verður nýtt áfram til slíks, verði komið í upprunalegt horf hvað varðar gróðurfur og ásýnd. Einnig bendir stofnunin á að á svæðinu eru eldri troðningar sem sjást vel á loftmynd og telur stofnunin mikilvægt að loka bílastæði sem ekki nýtist lengur og gömlum troðningum svo eðlileg gróðurframvinda verði á svæðunum og röskuð svæði taki aftur á sig upprunalega ásýnd. Einnig bendir stofnunin á að ef frekari aðgerðir í endurheimt gróðurfars eru nauðsynlegar þá er mikilvægt að staðargróður sé notaður við uppgræðslu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

René Biasone  
Teymisstjóri

